

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis  
Bt. Umhverfis- og samgöngunefndar  
Alþingi við Austurvöll  
101 Reykjavík

Selfossi, 9. nóvember 2023

**Efni: Umsögn skipulagsfulltrúa f.h. Sveitarfélagsins Árborgar vegna frumvarps til laga um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf, 1028. mál.**

Skipulagsfulltrúi, f.h. Sveitarfélagsins Árborgar kemur á framfæri athugasemdum og áhyggjum af því að boðaðar breytingar á lögum um Brunavarnir 75/2000, Hollustuhætti- og mengun 7/1998, Mannvirkjalögum 160/2010 og Skipulagslögum 123/2010, séu þess eðlis að þær muni ekki ná markmiðum sínum, sérstaklega ef horft er til sveitarfélagsins Árborgar. Eins og aðstæður eru í sveitarfélaginu má ekki vænta þess að hér finnist svæði þar sem kröfur frumvarpsins verða uppfylltar, s.s. er varðar nálægð við skóla, (skólar eru fullásetnir), göngufæri við verslun- og þjónustu, göngufæri við almennar samgöngur, staðsetningu innan fjölbreyttrar og blandaðrar byggðar, þar sem fjölbreytt þjónusta stendur til boða, innan bæjarmarka eða í jaðri byggðarkjarna, og að staðsetning sé í göngufæri við heilnæm útivistarsvæði.

Þá er jafnframt bent sérstaklega á það að með lagasetningunni fælist mikið inngrip í skipulagsvald sveitarfélaga og með vísan til þess sérlega mikilvægt að breytingin gangi til baka hið fyrsta, ef til lagasetningar kemur.

Að mati skipulagsfulltrúa vantar nokkuð upp á skýrleika varðandi aðkomu Skipulagsstofnunar í sambandi við sérstakar úttektir brunavarna, byggingarfulltrúa, slökkviliðs og heilbrigðiseftirlits og áriðandi er að það liggja fyrir hvort það sé hlutverk stofnunarinnar að meta hvort að fyrirbyggjandi úttektir séu fullnægjandi eða hvert hlutverkið annars sé. Þá er að mati Skipulagsfulltrúa nokkuð óljóst hvert hlutverk Vinnumálastofnunar verður.

Jafnframt lýsir skipulagsfulltrúi sérstaklega yfir áhyggjum sínum vegna þess að lögfesting þessa frumvarps gæti haft í för með sér aukna búsetu fólks í húsnæði sem almennt uppfyllir ekki kröfur fyrir búsetu, og bætist þá sá vandi við vanda á húsnæðismarkaði þar sem um áráðið hefur verið unnið að því að koma í veg fyrir ólöglega búsetu á athafna og iðnaðarsvæðum. Eru uppi áhyggjur um að heilsu og öryggi fólks gæti verið stefnt í hættu með búsetu í húsnæði af því toga sem frumvarpið fjallar um.

f.h. sveitarfélagsins Árborgar

Skipulagsfulltrúi  
Sveitafélagið Árborg



---

Rúnar Guðmundsson  
Skipulagsfulltrúi Árborgar